

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni um uppsagnir starfsmanna ráðuneytisins og starfslið ráðherra.

1. *Hve mörgum starfsmönnum ráðuneytisins hefur verið, eða verður, sagt upp störfum vegna sérstakrar 5% niðurskurðarkröfu sem lögð var á aðalskrifstofur ráðuneyta í fjárlögum? Svarið óskast sundurliðað eftir skrifstofum ráðuneytisins og starfsheitum og að greint sé frá í hve miklum mæli um uppsagnir eða lækkun starfshlutfalls er að ræða.*

Alls fækkar um sjö stöðugildi á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Fjórum starfsmönnum var sagt upp í janúar 2014. Um var að ræða störf sérfræðinga á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar, skrifstofu skattamála og á rekstrarsviði auk starfs á skjalasafni. Auk þess voru starfslok tveggja sérfræðinga til viðbótar undirbúin og ekki ráðið í lausa stöðu sérfræðings á skrifstofu yfirstjórnar, skrifstofu stjórnunar og umbóta og á rekstrarsviði. Þegar aðgerðirnar eru að fullu komnar til framkvæmda verða stöðugildi á aðalskrifstofunni 79 í stað 86.

2. *Hve marga aðstoðarmenn, ráðgjafa eða starfsmenn í sérverkefni í fullu starfi eða hluta-starfi eða sem verktaka hefur ráðherra ráðið frá stjórnarskiptum?*

Ráðherra hefur einn aðstoðarmann samkvæmt skilgreiningu 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Að öðru leyti er vísað til svars forsætisráðuneytis um aðstoðarmenn.

Í ágúst 2013 skipaði ráðherra fjögurra manna ráðgjafaráð um efnahagsmál og opinber fjármál. Enginn ráðsmanna er í tilteknu starfshlutfalli.

Þá er starfandi einn ráðgjafi um afnám fjármagnshafna og með verkefnisstjórn um framkvæmd höfuðstólslækkana íbúðalána starfar verkefnisstjóri.

